

A/F Rekstraraðili ehf.
Ársreikningur 2021

A/F Rekstraraðili ehf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
kt. 660121-1370

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur A/F Rekstraraðili ehf. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Starfsemi félagsins

A/F Rekstraraðili ehf. var stofnað í janúar 2021 og starfar skv. lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint. A/F Rekstraraðili ehf. er rekstraraðili sérhæfðra sjóða með vísan til laga nr. 45/2020 og er skráð hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem slíkur rekstraraðili. A/F Rekstraraðili ehf. sér um samkvæmt samningum daglegan rekstur sérhæfðra sjóða, en Arctica Finance hf. sér um eignastýringu samkvæmt samningum þar um. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi A/F Rekstraraðila ehf. og sjóða í rekstri þess eins og lög gera ráð fyrir.

Á grundvelli þess að heildareignir sérhæfðra sjóða í rekstri A/F Rekstraraðila ehf. hefðu farið yfir fjárhæðarviðmið samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020, þá sótti A/F Rekstraraðili ehf. í desember 2021 um starfsleyfi til að starfa sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða með starfsleyfi í samræmi 10. gr., sbr. 9. gr. laganna, en ekki var sótt um viðbótarheimildir. Umsókn þessi er enn til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu, en vonast er til að jákvæð niðurstaða liggi fyrir á árinu 2022.

Í árslok 2021 voru þrír sérhæfðir sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam eign þeirra 16.924 millj. kr. í árslok.

Afkoma og eigið fé

Rekstur A/F Rekstraraðila ehf. á árinu 2021 var í samræmi við áætlanir þess. Rekstrartekjur félagsins námu 10,4 millj. kr. á árinu 2021. Tap félagsins á árinu 2021 nam 1,3 millj. kr. (2020 var enginn rekstur).

Eigið fé félagsins í árslok 2021 var 15,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2020 var enginn rekstur). Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt 84 gr. laga um fjármálafyrirtæki var í árslok 43,2%, en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%. Samkvæmt 74. gr. laga nr. 138/1994 er óheimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2021. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Gert er ráð fyrir að hækka hlutfé í félaginu á árinu 2022 í því skyni að félagið uppfylli kröfur laga nr. 45/2020 um lágmarks stofnframlag og eiginfjárgrunn.

Í árslok starfaði einn starfsmaður hjá A/F Rekstraraðila ehf., en allri starfsemi er útvistað að áhættustýringu undanskilinni.

Frá áramótum til undirritunardags hafa ekki orðið markverðir atburðir sem hafa bein áhrif á félagið eða mótaðila þess, þó ekki sé útilokað að núverandi hræringar í efnahagsumhverfinu geti haft einhver áhrif.

Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi þess og að engar aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi félagsins.

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hlutfé félagsins var 17,0 millj. kr. í árslok 2021. Einn hluthafi er í A/F Rekstraraðila ehf., þ.e. Arctica Finance hf., í árslok 2021. Upplýsingar um hluthafa Arctica Finance hf. og raunverulega eigendur má finna á heimasíðu Arctica Finance í samræmi við ákvæði laga.

Áhrif Covid-19

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa verið vegna faraldurs kórónuveirunnar Covid-19. Áhrif þessa á félagið á síðasta ári voru ekki teljandi. Einhver óvissa er um hvaða áhrif þessi faraldur muni hafa á félagið eða haghafa þess, en þó má áætla að áhrifin muni ekki verða veruleg. Það er mat stjórnenda félagsins að faraldurinn hafi ekki haft, og muni ekki hafa, áhrif á markmið félagsins og að ekki sé vafi um rekstarhæfi félagsins vegna þessa.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Áhættubættir og áhættustýring

Megináhættan sem A/F Rekstraraðila ehf. stendur frammi fyrir er mótaðilahætta, þ.e. að greiðslu- og fjárfestingavilji og geta fjárfesta þess dvíni sem skerði hæfi félagsins til að standa straum af skuldbindingum. Þessi áhætta er lágmörkuð með því að fylgst er náið með stöðu markaða.

Stjórn og framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila ehf. bera ábyrgð á því að skyldur félagsins um áhættustýringu samkvæmt lögum, reglugerðum og reglum séu uppfylltar og ber að meta reglulega og endurskoða skilvirkni fyrirkomulags og verklags málefna þeirra er falla undir eftirlit og starfsemi áhættustýringar og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum.

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn A/F Rekstraraðila ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum, en félaginu er þó ekki skylt samkvæmt lögum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Félagið leitast þó við að hafa í heiðri þær kröfur sem Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Móðurfélag A/F Rekstraraðila ehf., Arctica Finance hf., fer eftir leiðbeiningum þessum og gefur árlega út stjórnarháttayfirlýsingu og birtir opinberlega, sem og sjálfbæriskýrslu þar sem fjallað er m.a. um ófjárhagslegar upplýsingar.

Eiginleg starfsemi hjá A/F Rekstraraðila ehf. felst nær eingöngu í áhættustýringu félagsins og sérhæfðra sjóða í rekstri þess og hafa þannig eftirlit með því að þeir aðilar sem öðrum verkefnum er útvistað til, sinni þeim skyldum sínum, þ.m.t. eignastýringaraðili og vörsluaðili sjóðanna. Félagið hefur sett sér stefnu um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð og geta hagaðilar nálgast hana á skrifstofu félagsins. Auk þessa hefur félagið sett sér ýmsar aðrar reglur, s.s. reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, og aðra þætti líkt og kveðið er á um í lögum þar um. Nánar má sjá reglur og upplýsingar um starfsemi A/F Rekstraraðila ehf. og Arctica Finance hf. á heimasíðu þess síðarnefnda, www.arctica.is.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra A/F Rekstraraðila ehf. er ársreikningur félagsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreiknings og lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 31. desember 2021 og rekstrarafkomu þess á árinu 2021 og lýsir helstu breytingum á handbæru fé og breytingum á eigin fé á tímabilinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningur félagsins og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við. Stjórn og framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila ehf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 29. apríl 2022

Stjórn:

Bjarni Þórður Bjarnason

Ólafur Finsen

Stefán Þór Bjarnason

Framkvæmdastjóri:

Fríðrik Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í A/F Rekstraraðila ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning A/F Rekstraraðila ehf. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogi 29. apríl 2022

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021 1.3.-31.12.
Rekstrartekjur		
Umsýsluþóknun	11	10.385.895
		<u>10.385.895</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur		2.611
Vaxtagjöld		(15.220)
		<u>(12.609)</u>
Rekstrargjöld		
Rekstrarkostnaður	7	11.665.092
		<u>11.665.092</u>
Tap fyrir tekjuskatt		(1.291.806)
Tekjuskattur		<u>0</u>
Tap ársins	9	<u>(1.291.806)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021
Eignir		
Eignarhlutir í öðrum félögum		8.999.998
Fastafjármunir		8.999.998
Kröfur vegna umsýslupóknana	11	7.423.071
Aðrar skammtímakröfur		574
Handbært fé	3d	5.218.470
Veltufjármunir		12.642.115
Eignir samtals		21.642.113
Eigið fé		
Hlutfé		17.000.000
Ójafnað eigið fé		(1.291.806)
Eigið fé	9	15.708.194
Skuldir		
Viðskiptaskuldir		1.425.911
Skuldir við tengda aðila	11	4.508.008
Skuldir		5.933.919
Skuldir samtals		5.933.919
Eigið fé og skuldir samtals		21.642.113

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr.	2021
Rekstrarhreyfingar		
Tap ársins	9	(1.291.806)
Veltufé til rekstrar		(1.291.806)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur, hækkun		(574)
Skammtímaskuldir, hækkun		1.425.911
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		1.425.337
Handbært fé til rekstrar		133.531
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(8.999.998)
Kröfur á tengd félög, breyting	11	(7.423.071)
Fjárfestingarhreyfingar		(16.423.069)
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað hlutafé		17.000.000
Skuldir við tengda aðila, breyting	11	4.508.008
Fjármögnunarhreyfingar		21.508.008
Hækkun á handbæru fé		5.218.470
Handbært fé í ársbyrjun		0
Handbært fé í árslok		5.218.470

Skýringar

1. Félagið

A/F Rekstraraðili ehf. er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint.

Félagið er dótturfélag Arctica Finance hf. sem hefur aðsetur að Katrínartúni 2, Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum.

3. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

b. Eignahlutir í félögum

Eignahlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupvirði.

c. Kröfur

Kröfur eru færðar á nafnvirði. Kröfur eru að mestu leyti tilkomnar vegna krafna á sjóði vegna áfallinna ógreiddra umsýslupóknana og árangurstengdra póknana í árslok.

d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

4. Umsýslupóknanir og árangurstengdar póknanir

Félagið fær umsýslupóknanir fyrir rekstur sérhæfðra sjóða. Póknanir reiknast ýmist sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðanna eða sem hlutfall af afkomu umfram ákveðin viðmið.

5. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar A/F Rekstraraðila ehf. er Arctica Finance hf. og aðrir hluthafar, sjóðir í rekstri félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og fjölskyldur þeirra og félög í þeirra eigu. Viðskipti við tengda aðila eru við Arctica Finance hf. og eru þau í samræmi við þjónustusamning og verðlögð eins og um ótengdan aðila væri að ræða. Viðskipti við tengda aðila eru verðlögð í samræmi við stefnu félagsins.

6. Eignir í stýringu

Eignir í stýringu námu alls 16.923 millj. króna þann 31. desember 2021. Þessar eignir eru í eigu sjóða í umsýslu félagsins í samræmi við reglur þeirra og fjárfestingastefnu.

7. Rekstrarsamningur

Í árslok starfaði einn starfsmaður hjá A/F Rekstraraðila ehf., en allri starfsemi er útvistað að áhættustýringu undanskilinni. Félagið hefur gert rekstrarsamning við móðurfélag sitt Arctica Finance hf. um eignastýringu og aðra þjónustu í tengslum við rekstur félagsins, ásamt samningi við Tplús varðandi vörslu og uppgjör.

8. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap í árslok, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 1.292 þús. kr. og er nýtanlegt til ársloka 2031. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýstist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður.

Skýringar, frh.:

9. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 17,0 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Innborgað hlutfé	17.000.000	0	17.000.000
Tap árs	0	(1.291.806)	(1.291.806)
Eigið fé 31.12.2021	17.000.000	(1.291.806)	15.708.194

10. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall A/F Rekstraraðila ehf. sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. d. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, er 43,1% en lögboðið lágmark er 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2021
Eiginfjárgrunnur skiptist þannig:	
Heildar eigið fé	15.708.194
Eiginfjárgrunnur samtals	15.708.194
Eiginfjárfrafa greinist þannig:	
Rekstraráhætta	2.916.273
Eiginfjárfrafa	2.916.273
Eiginfjárlutfall	43,1%

11. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar A/F Rekstraraðila ehf. er Arctica Finance hf. og aðrir hluthafar, sjóðir í rekstri félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og fjölskyldur þeirra og félög í þeirra eigu.

Stöður við tengda aðila eru eftirfarandi:

2021	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag		(4.508.008)		(4.508.008)
Sjóðir í rekstri A/F Rekstraraðila	10.385.895		7.423.071	
	10.385.895	(4.508.008)	7.423.071	(4.508.008)